

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 168 17. ágúst 1970 um heilbrigðis-
skoðun á sláturafurðum, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Afurðir sem skilyrðislaust eru hæfar til manneldis, skulu merktar með ilöngum, hringlaga stimpli með orðinu „kjötskoðun“ inn í hringnum og auk þess skráningarnúmeri viðkomandi sláturhúss. Þvermál hringins eru 4½ og 6½ cm, stafir sem næst 1 cm á hæð. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að breyta til um merkingu á afurðum þess flokks, ef um útflutning er að ræða eða önnur ástæða þykir til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 400

24. ágúst 1987

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Einstefna er á Egilsgötu í vestur frá Bröttugötu að Skúlagötu.
2. Bannað er að leggja ökutæki, nema á sérstaklega merktum stæðum, við Borgarbraut beggja vegna, frá Skallagrímögötu að Sandvík. Jafnframt er felld niður bann við að stöðva ökutæki á þessu svæði.
3. Bannað er að leggja ökutæki við Þorsteinsgötu að sunnan, frá Skallagrímögötu og 100 metra í austur.
4. Bannað er að leggja ökutæki við Skúlagötu að austan, frá Egilsgötu og 30 metra í norður.
5. Merkt gangbraut er á Borgarbraut á móts við hús Vegagerðar ríkisins.
6. Merkt gangbraut er á Kveldúlfsgötu á móts við hús nr. 15.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Mýra-og Borgarfjarðarsýslu, 24. ágúst 1987.

Rúnar Guðjónsson.